



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURNESJA

D-ÁLMA
SKURÐSTOFUR

SKILAMAT

OKTÓBER 2011



EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAMAT	4
1.0 UNDIRBÚNINGUR	4
1.1 Lýsing verkefnis	4
1.2 Frumathugun.....	4
1.3 Áætlunargerð	4
1.4 Áætlun um stofnkostnað	7
1.5 Áætlun um rekstrarkostnað	7
1.6 Áætlun um fjármögnun.....	7
2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD	7
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar	7
2.2 Framvinda	8
2.3 Eftirlit og úttektir	9
3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR	11
3.1 Áfallinn kostnaður og innborganir.....	11
3.2 Heildarkostnaður.....	12
3.3 Samanburður við áætlun.....	13
4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR	15
4.1 Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir	15
4.2 Árangur framkvæmdarinnar	15
4.3 Heimildaskrá	16
4.4 Staðfesting skilamats	16

ALMENNT UM SKILAMAT

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra, og er þetta skilamat unnið eftir þeim reglum.

1.0 UNDIRBÚNINGUR

1.1 Lýsing verkefnis

Í þessu skilamati verður gerð grein fyrir innréttingum skurðstofa í D-álmu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja sem framkvæmd var á árunum 2006 til 2008.

Framkvæmdir náðu til innréttingar 3. hæðar sem er um 940 m². Vesturhlutinn, stærri hluti hæðarinnar var innréttuð sem skurðstofuálma ásamt sóttthreinsun en austurhlutinn sem skrifstofur og fundarsalir. Skurðstofurnar sjálfar voru innfluttar tilbúnar til samsetningar inn í steyp rými.

Einnig var ákveðið á síðari stigum að verkefnastjóri sæi um kaup á búnaði á hæðina sem voru auk hefðbundins skrifstofubúnaðar, innkaup á lækningatækjum, áhöldum og búnaði því tengdu.

Verkkaupi var heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón með verkefninu fyrir hönd verkkaupa á stigi áætlunargerðar, verklegrar framkvæmdar og skilamats. Verkefnisstjóri var Guðmundur Pálsson.



Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, D-álma

1.2 Frumathugun

Frumathugun var unnin af Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS). Í lok mars 2003 skipaði heilbrigðisráðherra nefnd til að vinna að fram-tíðaruppbyggingu, þróun og skipulagi fyrir HSS. Nefndin skilaði af sér skýrslu um málið þann 18. nóvember 2003. Í þeirri skýrslu leggur nefndin til að þriðja hæðin í D-álmu verði innréttuð fyrir tvær skurðstofur, speglunarherbergi og 12 rúma legudeild. Legudeildarhugmyndinni var síðan breytt yfir í skrifstofur.

Forsaga verkefnisins var sú að á árunum 1998 til 1999 var húsið gert fokhelt að innan en fullfrágengið að utan. Árið 2000 og 2001 var húsið innréttað, allt nema 3. hæðin, sem ákveðið var að bíða með þar til skoðað hafði verið nánar til hvers hún nýttist best. Umsögn um frumathugun, frá Framkvæmdasýslu ríkisins varðandi tillögur framangreindrar nefndar frá 18. nóvember 2003, var gefin út 18. maí 2004.

Niðurstaða frumathugunar var, eins og fyrr segir, að hefja hönnun vegna innréttinga 3. hæðar fyrir skurðstofudeild.

1.3 Áætlunargerð

Fjármálaráðuneytið heimilaði, með bréfi dagsettu 23. apríl 2004, að hefja mætti áætlunargerð fyrir umrædda framkvæmd.

Hönnun

Frumhönnun var fylgt að öðru leyti en því sem áður segir að legudeildarlutanum var breytt í skrifstofur. Arkitektastofan OÖ annaðist arkitektaráðgjöf og var gerður við stofuna heildarsamningur um alla hönnunarþætti.

Undirráðgjafar hjá arkitektastofunni voru við loftræslingu Fjarhitun hf, vatnslagnir annaðist Verkfræðistofa Suðurnesja og rafkerfi annaðist Rafmiðstöðin sf.

Heildarsamningur við OÖ var undirritaður þann 1. febrúar 2006 og var heildarþóknun fyrir hönnun 9.000.000 kr. með vsk.

Fyrirkomulag var þannig að um fjórðungur hæðarinar (austurendinn) var nýttur sem skrifstofur, en að öðru leyti var hæðin nýtt sem skurðstofur ásamt þeirri aðstöðu sem skurðstofur krefjast, svo sem sóthreinsun, undirbúning, búningaástöðu, deyfingu, vöknun, skolherbergjum, lyfja- og tækjageymslu svo eitthvað sé talið.


Ráðgjafar

Eftirtaldir ráðgjafar unnu við verkefnið:


Gerður var ráðgjafasamningur við Arkitektastofu OÖ ehf. um hönnun verksins í heild og fékk arkitektastofan verkfræðistofur sem undirráðgjafa.

Hönnuður	kr.
Arkitektastofan OÖ ehf.	7.230.000
- Fjarhitun hf.	
-Rafmiðstöðin sf.	
- Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.	
Samtals	7.230.000

Þegar hönnunarpóknun er reiknuð sem hlutfall af framkvæmdakostnaði er hún reiknuð út með virðisaukaskatti eins og framkvæmdakostnaðurinn. Þar sem virðisaukaskattur fæst hins vegar endurgreiddur af hönnunarpóknun eru allar fjárhæðir í töflunni settar fram án vsk. eins og í reikningslegu uppgjöri í kafla 3.



Grunnmynd 3. hæðar.



Grunnmynd ris, loftræsisamstæða.

1.4 Áætlun um stofnkostnað

Heildarkostnaðaráætlun FSR, í maí 2006, var eftirfarandi.

Heildarkostnaðaráætlun	m.kr.
Ráðgjöf	12,0
Umsjón og eftirlit	8,1
Verkfrákvæmd	123,0
Gjöld og rekstur á framkv.tíma	1,0
Búnaður og listskreyting	20,2
Samtals	164,3

Allar fjárhæðir í töflunni eru með vsk. nema ráðgjöf, umsjón og eftirlit.


1.5 Áætlun um rekstrarkostnað

Verkefnið var að innrétta 3. hæðina að hluta til sem skurðstofur og að hluta til sem skrifstofur. Hvoru tveggja var til staðar á sjúkrahúsinu og fluttist einungis til innan veggja stofnunarinnar. Rekstrarkostnaður breytist því ekki í heild sinni, nema gera má ráð fyrir að í nýju og endurbættu húsnæði náist um betri afköst og því má reikna með að rekstrarkostnaður þessara deilda lækki því frekar, ef eitthvað væri.

1.6 Áætlun um fjármögnun

Fjármögnunaráætlun, samkvæmt bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dagsettu 10. apríl 2006, var eftirfarandi.

Fjármögnunaráætlun	m.kr.
Flutt ónotuð fjárheimild	83,5
Fjárukalög 2005 09-381 6.90	50,0
Af ramma heilbrigðisráðun. 2007	25,8
Af fjárlagalið 09-3.79. 650	5,0
Samtals	164,3



Hæðin fókheld við upphaf framkvæmdar.

2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD

2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Fjármálaráðuneytið heimilaði, með bréfi dagsettu 7. apríl 2006, að hefja verklegan hluta framkvæmdarinnar.

Boðin var út framkvæmdin Heilbrigðisstofnun Suðurnesja D- álma 3, hæð innrétting.

Lauslegt yfirlit yfir verkið:

Verkið fólst í að innrétta 3. hæð D – álmu fyrir skurðstofur og skrifstofur. Settir voru upp milli-veggir, gólfdukur, hengiloft og málað. Lagðar voru vatns- og frárennslislagnir og sett upp hreinlætistöki. Ofnalögnum og ofnum var sums staðar breytt og nýjar lagnir lagðar. Loftræsisamstæðu varð komið fyrir í þakrymi og nýjar loftræsilagnir lagðar, einnig voru lagðar sjúkragaslagnir. Lagðar voru raflagnir fyrir lágspennu og smáspennu og settir upp nýir lampar. Settir voru upp skápar og aðrar innréttingar. Verkstaður var Heilbrigðisstofnun Suðurnesja D-álma 3. hæð, Skólavegi 6 í Keflavík.

Helstu magntölur	magn	eining
Gifsveggir báðum megin	670	m ²
Kerfisloft	760	m ²
Gólfúkur	790	m ²
Málun	1.430	m ²
Innihurðir	40	stk.

Tilboð voru opnuð 27. júní 2006 Niðurstöður útboðsins eftir yfirferð tilboða voru eftirfarandi.

Niðurstöður útboðs	kr.	hlutfall
FB Festing ehf.	78.249.620	100,7%
Trésmíðaverkstæði Stefán og Ara sf.	99.622.539	128,2%
Kostnaðaráætlun	77.682.150	100,0%

Framangreindar tilboðsfjárhæðir innihalda tilboð í áætlun aukaverk, sem ekki koma þó til greiðslu nema til þeirra komi á framkvæmdatímanum. Í samningi við verktaka eru aukaverkin því undanskilin í samningsfjárhæðinni.

Þann 17. júlí 2006 var tilboði FB Festingar ehf. að fjárhæð 78.249.620 kr. með vsk. tekið, sem var 100,7% af kostnaðaráætlun. Gerður var skriflegur samningur um verkið í framhaldi af því.

Annar þáttur þessa verkefnis var að útvega tvær tilbúnaðar skurðstofur sem settar voru inn í stofur sem höfðu þá verið múraðar að innan og rykbundnar. Skurðstofur þessar komu tilbúnaðar ósamsettar erlendis frá. Síðan var þeim komið fyrir og þær tengdar kerfum hússins svo sem hitakerfi, rafkerfi og sjúkragaskerfis. Sér loftræsikerfi var síðan útbúið fyrir skurðstofurnar. Skurðstofurnar voru afhentar með öllum skápum og föstum búnaði sem því tengist sem og sjúkrasúlum og skurðstofulömpum.

Gerð var fyrirspurn á vegum Ríkiskaupa nr 14204 þar sem auglýst var eftir áhugasömum sem gætu útvegað forsmíðaðar skurðstofur eins og nánar er lýst í auglýsingu.

Aðeins eitt tilboð kom í verkið frá Fastus ehf. Gengið var frá samningi við Fastus ehf Síðumúla 16 108 Reykjavík dags. 23. febrúar 2007 um kaup og uppsetningu á tveim Variop skurðstofum sem og allri vinnu við fullgerðar

skurðstofur ásamt skurðstofuljósum og tækjasúlum að fjárhæð 29.164.797 kr. með vsk.

Þriðji stórbáttur þessa verkefnis var sá að heilbrigðisráðuneytið ákvað að leggja til fjármagn til kaupa á búnaði inn á skurðstofur og aðrar deildir á skurðstofugangi. Fjárheimild til þessa verkhluta var 46 m.kr.

Heildarfjárheimild til verksins var því um 210 m.kr.

2.2 Framvinda

Verkfrámkvæmdin hófst með 1. verkfundi þann 7. september 2006. Hér var um innivinnu að ræða og hafi undirbúningur farið að einhverju leiti fram í fyrri áföngum varðandi múrvinnu og fleira.



Loftræsilagnir.



Uppvöknun tilbúin.

Verkfrámkvæmdin komst því strax á gott skrið og voru innveggjagrindur farnar að rísa strax á fyrstu vikum og voru um 70% gifsveggja komir upp um miðjan október. Í byrjun nóvember var verkið á áætlun og búið að velja, panta og staðfesta allt efni sem nota átti í verkinu.

Málun hófst um mánaðamót nóvember – desember.



Skrifstofugangur.



Skrifstofa.

Í byrjun desember 2006 er verkið talið um viku á eftir áætlun og eitthvað hafði dregist að fá afhenta loftræsisamstæðu. Kerfisloftum er lokið og innréttingasmíði hafin.

Í byrjun árs 2007 er fyrirséð að verkið dregst eitthvað. Í byrjun mars gerir verktaki grein fyrir að verki ljúki ekki fyrr en í marslok. Þegar hér var komið átti verktaki erfitt með fjármagn undir lok verksins. Erfiðlega gekk því að ljúka síðustu atriðum og að lokum var leitað eftir tryggingarfé til tryggingarfélags verktaka með fjármagn til að ljúka því sem eftir var og verktaki hafi ekki geta lokið. Greiðsla kom frá tryggingarfélagi verktaka og var hún nýtt til að ljúka verkinu, m.a. í loftræsikerfismálum sem voru komin í hnút. Undirverktaki í loftræsikerfum fékk því beina greiðslu á þann þátt sem eftir var og skilaði hann í framhaldi af því rekstrarhandbók og stilliskýrslum. Heildarkostnaður verksins var þó innan heimilda og verkið í sjálfu sér nokkuð gott faglega séð.

Magnbreytingar, aukaverk og viðbótarverk
 Eins og nánar kemur fram í reikningslegu uppgjöri voru magnaukningar 3,7%, aukaverk voru 6,3% en viðbótarverk 5,9%.

2.3 Eftirlit og úttektir

Eftirlit með framkvæmdunum fyrir hönd Framkvæmdasýslunnar hafði Tækniþjónusta S.Á. ehf Hafnargötu 60 230 Reykjanesbæ.

Gerður var samningur um eftirlit með framkvæmdinni Heilbrigðisstofnun Suðurnesja D-álma 3. hæð Innrétting í 07. september 2006 milli Framkvæmdasýslu ríkisins og Tækniþjónustu S.Á. ehf. Samningsfjárhæðin var 1.721.492 kr. án virðisaukaskatts.

Eftirlitsvinna Tækniþjónustunnar var til fyrirmyndar og voru öll samskipti við hönnuði og verktaka með besta móti.

Yfirlýsingar um verklok við raforkukerfi, hitakerfi, brunaviðvörðunarkerfi og yfirlýsing byggingarstjóra um verklok eru dagsettar 14. nóvember 2007.

Lokaúttekt byggingafulltrúa Reykjanesbæjar er gerð 14. janúar 2008.

Ábyrgðarúttekt er síðan framkvæmd 20. febrúar 2008.



Undirbúningur.



Skurðstofufangur.



Vaskar lækna.



Tilbúin skurðstofa.

3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR

3.1 Áfallinn kostnaður og innborganir

Yfirlit áfallins kostnaðar og innborgana

Áfallinn kostnaður			Innborganir til FSR
Ár	Á verðlagi hvers árs kr.	Miðað við BVT 1.7.1987 (100) kr.	Greiðslur Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis á verðlagi hvers árs kr.
2002	18.375	6.629	0
2003	0	0	0
2004	811.005	271.602	0
2005	2.735.422	870.045	20.000.000
2006	51.209.805	15.004.338	49.594.218
2007	89.968.535	24.152.627	84.500.000
2008	57.484.345	13.263.578	56.966.558
2009	1.181.247	241.366	0
2010	753.068	145.577	-6.898.974
Samtals	204.161.802	53.955.762	204.161.802
Innborganir til FSR samtals			204.161.802

Í töflu 3.1 er yfirlit yfir áfallinn kostnað og innborganir sundurliðað eftir árum. Áfallinn kostnaður er annars vegar eftir verðlagi hvers árs og hins vegar eftir byggingarvísitölu 100. Gerð er grein fyrir innborgunum frá ráðuneyti, eða undirstofnun þess, á verðlagi hvers árs og, þegar það á við, frá sveitarfélagi á verðlagi hvers árs.

3.2 Heildarkostnaður

Sundurliðun kostnaðar	kr.	samtals kr.
Samningsverk		
Ráðgjöf		
Hönnun	8.150.440	
Ráðgjöf önnur en hönnun	1.215.238	
Kostnaður tengdur ráðgjöf	12.247	
Kostnaður samtals		9.377.925
Umsjón og eftirlit		
Umsjón með verkefni	10.622.833	
Eftirlit með verklegri framkvæmd	0	
Kostnaður samtals		10.622.833
Verkframkvæmd		
Samningsgreiðslur	111.048.695	
Magnbreytingar	4.082.017	
Aukaverk	7.073.542	
Verðbætur	0	
Kostnaður samtals		122.204.254
Gjöld og rekstur á framkvæmdatíma		
Opinber gjöld	0	
Rekstur á framkvæmdatíma	0	
Kostnaður samtals		0
Búnaður og listskreyting		
Búnaður	55.404.062	
Listskreyting	0	
Kostnaður samtals		55.404.062
Samningsverk samtals		197.609.074
Viðbótarverk		
Verkframkvæmd	6.552.728	
Búnaður	0	
Viðbótarverk samtals		6.552.728
Heildarkostnaður		
Heildarkostnaður við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, D-álma, skurðstofur		204.161.802
Heildarkostnaður í m.kr.		204,2

Í töflu 3.2 er heildarkostnaður sundurliðaður eftir kostnaðartegundum. Kostnaður við verkframkvæmd er samantlagðar samningsgreiðslur, magnbreytingar, aukaverk og verðbætur en viðbótarverk eru tilgreind sérstaklega.

3.3 Samanburður við áætlun

Samanburður á áætluðum kostnaði og raunkostnaði

	Raunkostnaður á verðlagi hvers árs m.kr.	Áætlun á verðlagi BVT 329,4 m.kr.	Raunkostnaður á verðlagi BVT 329,4 m.kr.	Hlutfallslegur mismunur %
Samningsverk				
Ráðgjöf	9,4	12,0	9,0	-25%
Umsjón og eftirlit	10,6	8,1	9,5	17%
Verkframkvæmd	122,2	123,0	111,1	-10%
Gjöld og rekstur á framkv.tíma	0,0	1,0	0,0	-100%
Búnaður og listskreyting	55,4	20,2	42,5	111%
Samningsverk samtals	197,6	164,3	172,1	5%
Viðbótarverk				
Verkframkvæmd	6,6		5,6	
Búnaður	0,0		0,0	
Viðbótarverk samtals	6,6		5,6	
Heildarkostnaður í m.kr.	204,2		177,7	

Í töflu 3.3 er raunkostnaður sýndur á verðlagi hvers árs og einnig á þeirri vísitölu sem áætlaður kostnaður var settur fram, þannig að samanburður sé gerður á sama verðlagi. Viðbótarverk eru tilgreind neðst í töflunni því um er að ræða kostnað sem ekki var tekinn með í áætluninni og því ekki hluti þess sem tekið er til samanburðar.

3.4 Einingarkostnaður og stuðlar

Einingarkostnaður		
	Stærðir	Einingarkostnaður
Á verðlagi hvers árs	m ²	kr. / m ²
Stærðir og einingarkostnaður án búnaðar	940,0	158.253
Stærðir og einingarkostnaður með búnaði	940,0	217.193
Á verðlagi 1. júlí 1987 (bvt.=100)		
Stærðir og einingarkostnaður án búnaðar	940,0	43.663
Stærðir og einingarkostnaður með búnaði	940,0	57.400
Á verðlagi í október 2011 (bvt.=557,8)		
Stærðir og einingarkostnaður án búnaðar	940,0	243.555
Stærðir og einingarkostnaður með búnaði	940,0	320.176
Stuðlar		
Magntölustuðull		1,037
Aukaverkastuðull		1,064
Viðbótarverkastuðull		1,059

Í töflu 3.4 er fermetrastærð flatar sem framkvæmdin náði til og heildarkostnaður á fermetra á mismunandi verðlagi. Efst á verðlagi hvers árs, það er meðaltal verðlags á þeim tíma þegar greitt var, þá verðlag á byggingarvísitölu 100, og neðst í töflunni á verðlagi í útgáfumánuði skilamatsins. Séu búnaðarkaup hluti af framkvæmdinni eru framangreindar tölur tilgreindar bæði með og án búnaðar.

Hugtakaskýringar vegna stuðla

Magntölustuðull er mælikvarði á nákvæmni magntalna í útboðsgögnum. Þessi stuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli kostnaðar vegna magnbreytinga og samningsfjárhæðar, að viðbættum 1, þ.e. $MS = 1 + \text{kostnaður vegna magnbreytinga} / \text{samningsfjárhæð}$.

Stuðullinn verður því einn ef engar magnbreytingar eiga sér stað, hann verður stærri en 1 ef magn eykst við framkvæmd verksins og minni en 1 ef magnminnkun verður.

Aukaverkastuðull er mælikvarði á nákvæmni eða gæði útboðsgagna en aukaverk eru skilgreind sem sá aukakostnaður sem verður til í hverju verki vegna ónákvæmni eða mistaka í útboðsgögnum. Þessi stuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli kostnaðar vegna aukaverka og samningsfjárhæðar, að viðbættum 1, þ.e. $AS = 1 + \text{kostnaður vegna aukaverka} / \text{samningsfjárhæð}$.

Stuðullinn verður því einn ef engin aukaverk eru framkvæmd og hann verður stærri en 1 ef stofnað er til aukaverka við framkvæmd verksins. Þessi stuðull verður aldrei minni en 1.

Viðbótarverkastuðull er mælikvarði á gæði undirbúnings verksins en viðbótarverk eru skilgreind sem sá viðbótarkostnaður sem til verður í hverju verki vegna ákvarðana verkkaupa um breytingar (viðbætur) á verkinu á framkvæmdatíma. Þessi stuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli kostnaðar vegna viðbótarverka og samningsfjárhæðar, að viðbættum 1, þ.e.

$VS = 1 + \text{kostnaður vegna viðbótarverka} / \text{samningsfjárhæð}$

Stuðullinn verður því einn ef engin viðbótarverk eru framkvæmd og hann verður stærri en 1 ef stofnað er til viðbótarverka við framkvæmd verksins. Þessi stuðull getur orðið minni en einn ef verkkaupi tekur ákvörðun um að breyta verki til kostnaðarlækkunar, t.d. með því að gera minni kröfur til fyrirskrifaðs efnis eða útfærslu

4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR

4.1 Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir

Við samanburð á kostnaði við mismunandi framkvæmdir á ólíkum tímum er algengt að bera saman kostnað á stærðareiningu. Sá samanburður segir til um hagkvæmni í hönnun og framkvæmd þegar bornar eru saman álíka stórar byggingar til sömu eða svipaðra nota. Almenn tækni kostnaður á stærðareiningu eftir því sem framkvæmd er stærri og þó einkum með stækkandi rýmum í byggingum.

Hjá FSR eru til ýmis dæmi um endurbætur og innréttingar í eldra húsnæði en oftast eru þær ólíkar innbyrðis og því örðugt um samanburð. Hér verða tekin dæmi sem líkjast verkefni skilamatsins að því leyti að umfang framkvæmda var mikið á hverja flatareiningu og flatarstærð framkvæmdasvæðis í meðallagi að stærð. Í fyrsta dæminu eru endurbætur á heilsugæslustöð í hærri kantinum (tilbúin undir tréverk) og síðan önnur í lægri kantinum, þá skjúkradeild í Vestmannaeyjum og að lokum endurinnrétting skrifstofuhúsnæðis af svipaðri stærð.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarkostnað á m² án búnaðar miðað við byggingarvísitölu 100 í júlí 1987.

Bygging	Stærð í m ²	Kostn./m ²
Hgs. Mjódd	802	57.923
Hgs. Akureyri, 3. hæð	511	34.962
HSV Vestmannaeyjum	1.500	36.005
Grensásvegur 9, 1. hæð	1.135	36.407
HSS Skurðstofur	940	43.553

4.2 Árangur framkvæmdarinnar

Meðaltal samanburðardæmanna hér að ofan er 41.324 kr./m² (bvt. 1987) og er einingarverð framkvæmdanna við skurðstofur Heilbrigðisstofnunarinnar á Suðurnesjum 5,4% þar yfir. Þessi munur telst eðlilegur þar sem hluti innréttinganna var fyrir skurðstofur þar sem kröfur eru nokkuð hærri en annars þótt hér sé ekki búnaður meðtalinn.

Eins og fram kemur í töflu 3.2 var heildarkostnaður 204,2 m.kr. á verðlagi hvers árs.

Í töflu 3.3 kemur fram að áætlað var að verkið kostaði samtals 164,3, m.kr. og raunkostnaður samningsverksins á sama verðlagi var 172,1 það er 5% hærri.

Í töflu 3.4 eru stuðlar sem greina hlutfallslegan kostnað og kemur þar fram að magnaukning í verkinu varð 3,7%, aukaverk voru 6,3% en viðbótarverk 5,9%. Frávikin teljast ekki veruleg.

Fjárhagslegur árangur í heild út frá fyrrnefndum athugunum er metinn góður.



Skurðstofugangur

Verktaki vann verkið vel og framvinda var eðlileg. Gæði verksins voru samkvæmt kröfum útboðsgagna.

Í ljós koma að lyfta, sem var til staðar úr fyrra verkefni, þurfti lagfæringar við, meðal annars til að auka hraða hennar og mæta kröfum um forgang. Nálægt verklokum var óskað eftir að verkefnisstjóri annaðist innkaup á búnaði fyrir skurðstofurnar sem tók töluverðan tíma og dróst því að loka verkinu og ljúka skilum.

Í heild sinni tókst verkið vel.

4.3 Heimildaskrá

Stuðst var við eftirfarandi heimildir:

Lög og reglugerð

Lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001. Reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda nr. 715/2001.

Reglur

Reglur um fyrirkomulag skilamats útgefnar af Framkvæmdasýslu ríkisins og staðfestar af fjármálaráðuneyti 21. sept. 2001.

Framkvæmdasýsla ríkisins

Bókhaldsgögn, verkmöppur, fundargerðir og myndir.

Annað

Teikningar arkitekta.



Skurðstofa tilbúin.

4.4 Staðfesting skilamats

Undirritaður staðfestir hér með framanritað skilamat fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Óskar Valdimarsson, forstjóri